

Mánudaginn 3. október 1977.

Nr. 93/1977. **Niels Einarsson**

(Guðjón Steingrímsson hrl.)

gegn

Hilmari Björgvinssyni

(enginn).

Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 16. júní 1977. Krefst hann þess, að staðfest verði fjárnámsgerð, er fram fór í fógetarétti Kópavogs 1. desember 1976, en fjárnám var þá gert í fasteigninni nr. 27 við Fögrubrekku í Kópavogi. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi sótti ekki þing í málinu við fyrirtöku þess, og er honum þó löglega stefnt.

Málið er flutt skriflega samkvæmt heimild í 2. mgr. 47. gr. laga nr. 75/1973 og dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

Stefndi áfrýjaði framangreindu fjárnámi með stefnu 8. júní 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Er það mál skyldi þingfest 3. október 1977, sótti hann eigi þing, og gekk því útvistardómur í málinu.

Engir annmarkar eru á hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð, sem því ber að staðfesta.

Rétt er að dæma stefnda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 40.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð á að vera óröskuð.

Stefndi, Hilmar Björgvinsson, greiði áfrýjanda, Niels Einarssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, 40.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Kópavogs 1. desember 1976.

Ár 1976, miðvikudaginn 1. desember, var fógetaréttur Kópavogs settur að Hamraborg 7 og haldinn þar af fulltrúa bæjarfógeta Leó E. Löve með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið málið: Niels Einarsson gegn Hilmarí Björgvinsyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 endurrit sáttar fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 25. okt. 1976, svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 645.571 með 2% mánaðarvöxtum af kr. 154.666 frá 25. janúar 1976 til 25. febrúar s. á., af kr. 311.523 frá þeim degi til 25. mars s. á., af kr. 470.571 frá þeim degi til 15. apríl s. á., af kr. 645.571 frá þeim degi til 20. nóv. s. á., en 2.5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 4.850 í endurrits-, stimpil- og fjárnámsbeiðnikostnað, kr. 77.100 í málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda, en á kostnað gerðarpola.

F. h. gerðarpola mætir Kristinn Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Skv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarpola Fögrubrekku 27. Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mætta að skýra gerðarpola frá fjárnáminu. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.
